

Sp. 188. Tillaga til þingsályktunar [151. mál]
um landnýtingaráætlun.

Flm.: Davíð Aðalsteinsson, Jón Helgason, Helgi Seljan,
Karl Steinar Guðnason, Sverrir Hermannsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að hafinn verði undirbúningur landnýtingaráætlunar sem taki til allra meginþátta landnýtingar. Drög að landnýtingaráætlun skulu liggja fyrir í árslok 1984. Við gerð þeirra verði áhersla lögð á sem hagkvæmasta nýtingu og varðveislu landgæða.

Greinargerð.

Tillaga sama efnis var flutt á síðasta þingi en varð eigi útrædd og er því endurflutt. Í eftirfarandi greinargerð verður getið um nokkur mikilvæg atriði, en ekki leitast við að skilgreina alla þætti landnýtingar. Gert er ráð fyrir því, að slíkt verði hluti þeirrar undirbúningsvinnu sem vikið er að í tillögunni.

Á seinni árum hefur gætt vaxandi skilnings á nauðsyn skipulegrar og hóflegrar nýtingar auðlinda til lands og sjávar.

Með landgræðsluáætlun 1974 var gert stóráttak til að vinna markvisst að stöðvun gróðureyðingar og uppblásturs í þeim tilgangi að varðveita og bæta landgæði.

Nú, þegar unnið er að framkvæmd nýrrar landgræðsluáætlunar, er við hæfi að fylgja því starfi eftir með gerð víðtækrar áætlunar er taki til hinna fjölmörgu þátta landnýtingar í **landbúnaði**, svo sem nýtingar beitolanda og ræktunar skóga. Enn fremur þarf að tryggja **orkuvinnsluiðnaðinum** land til afnota. Huga þarf að landnotum vegna einstakra **mannvirkja** og **þéttbýlis**, en einnig vegna útivistar og sumarbyggða.

Einn af veigamiklum þáttum landnýtingar er nýting úthagabeitar, bæði í heimalöndum og afréttum. Landbúnaðurinn, einkum sauðjarræktin, byggist á þessari miklu auðlind, fjölbreyttum og kjarnmiklum gróðri. Framtíð íslensks landbúnaðar hlýtur reyndar að byggjast mjög á hóflegri og hagkvæmri nýtingu beitolanda.

Metum við framleiðslugildi úthagagróðurs að verðleikum? Náttúrleg gróðurlendi eru veigamikil auðlind á tímum síhækkandi orkukostnaðar. Til dæmis er hætt við að framleiðslukostnaður sauðfjárafurða yrði mun hærri ef ekki tækist að varðveita beitargæði úthaga, sérstaklega afréttanna.

Sem best samræmi þarf að vera á milli búfjárfjölda og tiltæks haglendis í hinum ýmsu beitarsvæðum landsins. Því þarf að koma á nánara samhengi á milli vals á búgreinum, uppbyggingar og búfjárfjölda á sérhverri bújörð annars vegar og hins vegar þeirra landgæða sem jörðin hefur til umráða. Þannig verði ekki aðeins tekið tillit til ræktunarskilyrða, heldur einnig og ekki síður landrýmis í heimahögum og afréttum.

Hér kemur m. a. til álitu hvernig fjárfestingu er hagað í landbúnaði, hvernig er hægt að koma á virkari og markvissari stjórnun, hvernig er hægt að aðstoða bændur sem gera róttækar breytingar í búskaparháttum.

Nauðsyn ber til að taka sérstakt tillit til landnýtingar við gerð búrekstrar- og byggðaáætlana. Þar eð nýting jarðargróða er einn af hornsteinum lífvænlegrar byggðar um land allt er landnýting veigamikið byggðamál. Athuga þyrfti m. a. hvort æskilegt eða fært væri að koma á einhvers konar svæðaskipulagningu landbúnaðarframleiðslunnar í samræmi við hóflega og skynsamlega nýtingu landkosta og jafnframt með tilliti til markaðsþarfar fyrir hinar ýmsu búvörur. Mismunandi verðlagning búvara eftir framleiðslusvæðum gæti ef til vill komið til greina, en ljóst er að slíkt yrði mjög flókið í framkvæmd. Hér er komið að tengslum milli landnýtingar og framleiðslumála.

Kvótakerfið svonefnda tekur lítið sem ekkert mið af landnýtingar- og byggðasjónarmiðum, en hugsanlega mætti byggja upp einhvers konar framleiðslustjórnun sem gerði það. Það leiðir aftur hugann að svæðaskipulagningu. Dæmi mætti taka bæði úr nautgripa- og sauðfjárrækt. Hér er um margþætt og viðkvæmt mál að ræða sem þarfnast ítarlegrar könnunar og umræðu. Bændur vilja að sjálfsögðu hafa sem mest frelsi til athafna, en flestir gera sér ljósa þörf fyrir bættu skipulagningu. Hún kemur stéttinni til góða í framtíðinni og stuðlar að bættum þjóðarhag.

Skógrækt til nytja er í raun landbúnaður, og kanna þarf hvernig heppilegast er að tengja hana traustari böndum þeim atvinnuvegi. Síðustu árin hefur komið fram viðleitni til að tengja skógrækt hefðbundnum búskap, einkum á Austurlandi, en líta ekki á þessar greinar sem andstæður. Þannig er unnt að samræma t. d. sauðfjárrækt ræktun nytjaskóga. Skilyrði til skógræktar eru greinilega breytileg í landinu og virðist þörf markvissari skipulagningar þeirra mála.

Líkt og á við um beitarmál er hér að nokkru leyti um byggðamál að ræða. Trúlega gætu tekjur af skógrækt skipt nokkru máli þegar tímar líða, því að líkur eru á hækkandi verði á timbri og ýmiss konar skógarafurðum í framtíðinni og jafnvel gæti orðið skortur á þeim. Margt fleira þarf að sjálfsögðu að taka til umfjöllunar þegar lögð eru á ráðin um skipulega nýtingu landgæða, svo sem nýtingu hlunninda, enda þótt allir þættir landnýtingar verði ekki raktir hér.

Gerð landnýtingaráætlunar verður einnig að taka til þarfa **orkuvinnsluðnaðarins** fyrir land. Orkulindir landsins eru ein veigamesta auðlind þess, en nýting þeirrar auðlindar er tiltölulega skammt á veg komin. Ef að líkum lætur mun þjóðin í vaxandi mæli byggja afkomu sína á skynsamlegri nýtingu innlendar orku. Því er nauðsynlegt að tryggja orkuvinnsluðnaðinum nægilegt landrými, ekki síst til að forðast árekstra í framtíðinni.

En landnýting varðar ekki aðeins hinn beina efnahagslega afrakstur landsins. Með breyttum þjóðfélagsháttum og auknum áhuga almennings á náttúruvernd, umhverfismálum og útivist hefur komið í ljós að nauðsynlegt er að fjalla um landnýtingu á breiðum grundvelli. Hin náttúrlegu gróðurlendi eru viðkvæm fyrir óhóflegum ágangi, hvort sem er af völdum fénaðar eða manna. Með bættum skilyrðum til ferðalaga um óbyggðir landsins hefur sá vandi farið vaxandi.

Öll meðferð gróðurlendis er náttúruverndarmál. Nú er ljóst, að ekki er unnt að komast hjá röskun lífríkja, t. d. með virkjun fallvatna, vegagerð og framræslu mýra. Það, sem skiptir meginmáli, er að meta vandlega allar aðstæður og leita þeirra leiða, sem minnstri röskun valda, og að skilningur ríki varðandi hin ýmsu landnot.

Velferð þjóðarinnar í nútíð og framtíð byggist á því að nýta af skynsemi þann auð sem fólgin er í gæðum landsins. Ætla má að landnýtingaráætlun geti stuðlað að æskilegri þróun á þessu sviði.